

Upplýsingastefna

1. Markmið

Meginmarkmið upplýsingastefnu Eikar fasteignafélags hf. (hér eftir nefnt „félagið“) er að félagið veiti tímanlegar, áreiðanlegar, nákvæmar og nýjar upplýsingar í samræmi við lög, reglugerðir og reglur sem gilda þar sem félagið hefur skráð fjármálagerninga.

2. Birting og samskipti

- 2.1. Félaginu ber að birta opinberlega upplýsingar samkvæmt lögum um verðbréfavíðskipti, reglugerðum og útgefendareglum kauphalla þar sem félagið er með skráða fjármálagerninga. Tilkynningum er dreift í gegnum viðurkenndar fréttaveitur og eru þær birtar almenningi samtímis á Evrópska efnahagssvæðinu eins fljótt og auðið er og á jafnræðisgrundvelli. Þegar fréttir hafa verið birtar í fréttaveitu eru þær birtar á heimasíðu félagsins (www.eik.is).
- 2.2. Félagið kappkostar að eiga í góðum samskiptum við hagsmunaðila og kann að birta á heimasíðu sinni fréttir af starfsemi félagsins sem ekki falla undir upplýsingaskyldu og eftir atvikum senda fréttatilkynningar til fjölmiðla.
- 2.3. Félagið heldur reglulega kynningarfundir fyrir aðila markaðar, s.s. greiningaraðila, fjárfesta, hluthafa og fjölmiðla.

3. Veruleg áhrif og frávik frá áður birtum upplýsingum

Félagið stefnir að því að birta opinberlega upplýsingar um það ef stjórnendur vænta áhrifa sem nema 3% eða meira, á veltu félagsins, rekstrarhagnað (EBITDA) eða stærð eignasafns, að teknu tilliti til áður birtra upplýsinga.

4. Þagnartímabil

Félagið mun að meginstefnu ekki tjá sig um málefni sem varða afkomu eða rekstur þess, nema félaginu sé það skylt eða kjósi að gera það með almennri birtingu, á þagnartímabili sem hefst tíu dögum eftir lok uppgjörstímabils og lýkur með birtingu uppgjörs.

5. Talsmaður félagsins

Forstjóri er talsmaður félagsins. Hann getur veitt öðrum starfsmönnum eða ráðgjöfum tímabundna heimild til þess að tjá sig um afmarkaða þætti starfseminnar. Stjórnarformaður er talsmaður félagsins þegar um meiriháttar ákvarðanir stjórnar er að ræða.

Þannig samþykkt á stjórnarfundum 17. september 2020